

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þórarins Olgeirssonar, ræðismanns í Grimsby, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. október 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þórarins Olgeirssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þórarins Olgeirssonar, ræðismanns í Grimsby.

2. gr.

Sjóðurinn er gjöf Þórarins, upphaflega í verðbréfum Byggingarsjóðs verzlunarmanna í Reykjavík, L D nr. 1—20, 2000 kr. hvert með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, en nú að fjárhæð kr. 140764.36 — eitt hundrað og fjórutíu þúsund sjö hundruð sextíu og fjórar $\frac{36}{100}$ — krónur, talinn undir nafninu Styrktarsjóður togarasjómanna í reikningum Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja aldraða togarasjómenn skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Eigi skal veita fé úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 1000000.00 — ein milljón króna —.

5. gr.

Árlegir vextir leggjast við höfuðstólinn, unz hann hefur náð greindri fjárhæð. Auk vaxtanna renna í sjóðinn gjafir og áheit, ef því er að skipta.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eldrei skerða, meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti af höfuðstól og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum, eftir að náð er því marki, er sett er í 4. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Sjómannadagsráðs á hverjum tíma.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið, og skulu endurskoðendur sjóðsins vera þeir sömu sem endurskoðendur Sjómannadagsráðs. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þar á meðal reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Sjómannadagsráðs.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. september 1962.

Kristens Sigurðsson.

Pétur Sigurðsson,
form.

Guðm. Oddsson,
gjaldkeri.

Hilmar Jónsson.

Tómas Sigvaldason.